

NÝJAR VIRKJANIR

22-2006

FERÐAMENNSKA Á FYRIRHUGUÐUM VIRKJUNARSVÆÐUM

Á ÖLKELDUHÁLSSVÆÐI OG VIÐ HVERAHLÍÐ


SUMARIÐ 2006



JÓN EINAR JÓNSSON

ÁGÚST 2006

Ljósmynd á forsíðu: Kattartjörn nyrðri, Súlufell í bakgrunni, ljósmynd e. Jón Einar Jónsson

Skráningarblað skýrslna	
Útgáfustaður	

Skýrsla nr. 2006-22	Dags., mán., ár 31. ágúst 2006	Dreifing Innanhúss á OR
-------------------------------	--	-----------------------------------

Heiti skýrslu, aðal- og undirtitill Ferðamenska á fyrirhuguðum virkjunarsvæðum á Ölkelduhálssvæði og við Hverahlíð sumarið 2006	Upplag 10 + pdf
	Fjöldi síðna 22

Höfundar Jón Einar Jónsson	Verknúmer
--	-----------

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

Samvinnuaðilar

Útdráttur

Könnuð voru viðhorf ferðaþjónustuaðila til fyrirhugaðra virkjana Orkuveitu Reykjavíkur á Ölkelduhálssvæði og við Hverahlíð. Jafnframt voru framkvæmdirnar kynntar ferðamönnum á leið um svæðin. Átta fyrirtæki, sem flest öll hafa umsvif á svæðinu, svöruðu könnuninni. Flest fyrirtækjanna leggja áherslu á óspillta náttúru í ferðum sínum og telja að nóg sé komið af framkvæmdum á Helligheiði. Menn óttast að ímynd svæðisins sem útivistarsvæði sé stefnt í hættu með frekari framkvæmdum. Ferðamenn heimsækja mest Reykjadal en fara tiltölulega sjaldan um aðra hluta fyrirhugaðra framkvæmdasvæða. Árleg þátttaka í skipulögðum ferðum um svæðið er á bilinu fimm til sex þúsund manns og eru lang flestir þátttakenda erlendir ferðamenn.

Efnisorð Ölkelduháls, Hverahlíð, göngumenn, útivist, ferðaþjónusta	Yfirfarir
--	------------------

Ágrip

Könnuð voru viðhorf ferðapjónustuaðila til fyrirhugaðra virkjana Orkuveitu Reykjavíkur á Ölkelduhálssvæði og við Hverahlíð. Jafnframt voru framkvæmdirnar kynntar ferðamönnum á leið um svæðin. Átta fyrirtæki, sem flest öll hafa umsvif á svæðinu, svöruðu könnuninni. Flest fyrirtækjanna leggja áherslu á óspillta náttúru í ferðum sínum og telja að nóg sé komið af framkvæmdum á Hellisheiði. Menn óttast að ímynd svæðisins sem útivistarsvæði sé stefnt í hættu með frekari framkvæmdum. Ferðamenn heimsækja mest Reykjadal en fara tiltölulega sjaldan um aðra hluta fyrirhugaðra framkvæmdasvæða. Árleg þátttaka í skipulögðum ferðum um svæðið er á bilinu fimm til sex þúsund manns og eru lang flestir þátttakenda erlendir ferðamenn.

Inngangur

Hengilssvæðið er þekkt útivistarsvæði í 25 km fjarlægð frá Reykjavík (VGK 2005). Orkuveita Reykjavíkur hefur merkt þar göngustíga og gefið út kort með gönguleiðum um svæðið (Orkuveita Reykjavíkur 2002). Talið var að Helligheidarvirkjun og stækkun hennar myndi hafa jafnt jákvæð sem neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist á Hengilssvæðinu (sjá matsskýrslu bls. 120 og úrskurð Skipulagsstofnunar bls 35-37) (VGK 2005). Líffræðistofnun Háskóla Íslands kannaði gildi landslags á Hengilssvæðinu og fékk Ölkelduhálssvæðið tiltölulega háa einkunn en Hverahlíð tiltölulega lága einkunn (Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2002).

Í júní 2006 var sendur spurningalisti til 17 ferðaþjónustufyrirtækja (Viðauki 1), sem öll nema tvö voru hin sömu og samband var haft við vegna Helligheidarvirkjunar (VGK 2005). Í júlí og ágúst 2006 var dreift kynningarspjöldum til íslenskra ferðamanna við Ölkelduháls, Hengil, í Engjadal og í Reykjadal (Viðauki 2). Kynningarspjöldin lágu einnig frammi í gestastofu Orkuveitunnar í Nesjavallavirkjun (Viðauki 3). Fylgst var með umferð göngufólks 2-4 daga í viku í júní, júlí og fyrri hluta ágúst. Kannað var hvaða blettir innan athugunarsvæðisins voru mest nýttir með því að skrá umferð göngufólks um Þverárdal, Fremstadal, Ölkelduháls, Álftatjörn og Reykjadal.

FYRIRSPURNIR TIL FERÐAÞJÓNUSTUADILA

Spurningalisti var sendur í tölvupósti á netföng sem gefin voru upp á vefsíðum viðkomandi fyrirtækja. Skráð var hvort fyrirtækin auglýstu ferð(ir) á Ölkelduháls, Hverahlíð eða nánasta nágrenni þeirra. Væri svo ekki var athugað hvort Hengilssvæðið, Nesjavellir eða gufuaflsmannvirki væru nefnd í vefauglýsingunum. Afstaða svarenda var svo skoðuð m.t.t. eftirfarandi atriða (sjá svör í fullri lengd í Viðauka 4):

- 1) Taka beint afstöðu til framkvæmda, hvort sem er með eða á mótí
- 2) Leggja sérstaklega áherslu á mikilvægi óspilltrar náttúru
- 3) Telja framkvæmdir hafa afleiðingar fyrir starfsemi sína á svæðinu
- 4) Telja að framkvæmdir breyti gildi Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði
- 5) Veita ábendingar um nýtingu eða frágang svæðisins
- 6) Sýna framkvæmdum skilning eða telja virkjanir e.t.v. áhugaverðan kost fyrir ferðamenn
- 7) Aðrar athugasemdir

Niðurstöður

Átta fyrirtæki af sautján svöruðu fyrirspurn Orkuveitu Reykjavíkur (Viðauki 1). Þar á meðal eru öll fyrirtækin sem auglýsa Ölkelduháls eða nálæg svæði á heimasíðum sínum. Mountaineers of Iceland og KGB Tours svöruðu ekki en nefndu Hengil, borholur og/eða Nesjavelli á heimasíðum sínum.

Afstaða til fyrirhugaðra framkvæmda

Útivist, Ferðafélag Íslands (FÍ), Eldhestar, Íshestar, Icelandrovers, Íslenskir Fjallaleiðsögumenn (nefnast einnig Icelandic Mountainguides) og Explore Adventures gerðu grein fyrir afstöðu sinni til fyrirhugaðra framkvæmda. Ís Ferðaþjónusta ehf. svaraði ekki spurningalistanum en kom með ábendingar um aðgengi ferðamanna á svæðinu.

Þrenn fyrirtæki eru andvíg framkvæmdum á Ölkelduhálsi og í Hverahlíð. Þrenn fyrirtæki vildu helst halda landinu óskertu en kveðast hafa nokkurn skilning á

framkvæmdunum. Explore Adventure kveðst ekki hafa áhyggjur að uppfylltum vissum skilyrðum. Í stuttu máli er afstaða fyrirtækjanna þannig (sjá svör í fullri lengd í Viðauka 4):

- 1) Eldhestar leggja inn greinargerð, þar sem fram kemur að fyrirtækið leggst eindregið gegn frekari framkvæmdum.
- 2) Icelandrovers telja að framkvæmdir OR á Hellisheiði séu orðnar of viðamiklar. Þeir hefðu fremur kosið að afmarka virkjanaframkvæmdir við smærra svæði og láta hverri óspillta, með því hefði verið hægt að sýna virkjanir og óspillta náttúru á sitt hvoru svæðinu.
- 3) Íslenskir Fjallaleiðsögumenn leggjast gegn virkjun á Ölkelduhálsi þar sem hún mun raska starfsemi þeirra. Auk þess kvarta Íslenskir Fjallaleiðsögumenn undan “ruðningsáhrifum virkjanastórframkvæmda” undanfarin ár og telja ekki réttlætanlegt að nýta frekar virkjanakosti Reykvíkinga undir stóriðju.
- 4) Útivist lýsa skilningi á að orkuöflun er nauðsynleg og hyggst leggja meiri áherslu á útivist á öðrum svæðum. Afstaða Útivistar er sú að að leggjast ekki gegn þessum framkvæmdum vegna starfsemi sinnar en óska þess í stað að framkvæmdaaðilar virði gildi óraskaðrar náttúru fyrir þeirra viðskiptavini og aðra gesti svæðisins.
- 5) FÍ tekur fram að “félagið hefur ekki tekið afstöðu til einstakra virkjanaframkvæmda og hefur ekki séð ástæðu til að bóka sérstaklega um fyrirhugaðar framkvæmdir á Hellisheiði.”
- 6) Íshestar vilja halda landinu óskertu en lýsa skilningi á þörfinni fyrir framkvæmdina.

- 7) Explore Adventures telja virkjanaframkvæmdir breyta litlu fyrir sín umsvif, með því skilyrði að Reykjadalur sé látinn óáreittur og virkni hverasvæðanna þar haldist eðlileg.

Áhrif framkvæmda á starfsemi fyrirtækjanna á svæðinu

Útivist, Eldhestar, Icelandrovers og Íslenskir Fjallaleiðsögumenn nefna sérstaklega gildi óspilltrar nátturu. Sömu fyrirtæki, auk Ferðafélags Íslands, telja að starfsemi þeirra á svæðinu muni breytast í kjölfar fyrirhugaðra framkvæmda. Ferðafélag Íslands, Útivist og Icelandrovers telja sig verða að leita á önnur svæði með starfsemi sína. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn telja áhrifin af framkvæmdum á Ölkelduhálsi velta nokkuð á staðsetningu og umfangi mannvirkja, en telja að gildi svæðisins muni engu að síður rýrna. Explore Adventures telja að starfsemi sín haldist óbreytt svo fremi sem Reykjadal verði ekki raskað og virkni hverasvæða þar haldist óbreytt.

Áhrif á gildi Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði

Sex fyrirtækjanna telja að fyrirhugaðar framkvæmdir breyti ímynd Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði. Almennt telja menn að mannvirkin trufla upplifunina af svæðinu og Íslenskir Fjallaleiðsögumenn telja þau eyðileggja svæðið. Látnar eru uppi óskir um að svæðið verði helst látið óraskað til frambúðar.

Aðrar athugasemdir

Fjögur fyrirtækjanna gera athugasemdir við vinnubrögð Orkuveitu Reykjavíkur, bæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda og Hellsheiðarvirkjunar. Eldhestar andmæla þeirri leið Orkuveitu Reykjavíkur að manngera svæðið með tilraunaborholum og virkja síðan í kjölfarið. Eldhestar telja að mat á umhverfisáhrifum eigi að vera byggt á fullbúinni virkjun og að verndargildi

svæðisins sé ekki virt nægilega, þ.e.a.s. svæðið eigi að vera látið óraskað þar sem það sé á náttúruminjaskrá. Icelandrovers hvetja Orkuveitu Reykjavíkur til að bera virðingu fyrir ferðaþjónustunni og vinna skynsamlega að virkjunum m.t.t. til ferðaþjónustu og náttúru Íslands. Icelandrovers harma að Hellisheiðarvirkjun hafi verið unnin án samráðs við sig, en slíkt samráð hefði aukið líkur til þess að sátt væri um málið. Icelandrovers hafa áður svarað könnun sem þessari og telja sig ekki hafa uppskorið næg viðbrögð eða áhuga þá. Icelandic Moutainguides gera athugasemdir við matskýrslu um stækkun Hellisheiðarvirkjunar þar sem þeir telja að Orkuveita Reykjavíkur hafi rangtúlkað viðhorf ferðaþjónustuaðila.

Útivist telja Orkuveitu Reykjavíkur hafa nokkuð jákvæða ímynd, en óttast að henni sé raskað með frekari virkjanaframkvæmdum á Hellisheiði. Útivist telja skipulagningu Hengilssvæðisins m.t.t. útivistarfólks hafa tekist vel en óttast að Orkuveita Reykjavíkur sé að breyta stefnu sinni, t.d. með hugmyndum um sumarhúsabyggð við Úlflyótuvatn. Ís Ferðaþjónusta ehf. gerir tillögur um jeppaslóða, aðgengi vélsleða og gönguleiðir. Íshestar óska þess að gengið verði vel frá mannvirkjum og að bætt verði við aðstöðu fyrir ferðamenn sem hluti af mótvægisáðgerðum.

Umferð göngumanna og ferðamanna

Ferðamenn sáust daglega í Reykjadal, minnst tveir en mest fjörutíu. Flest allir ferðamenn í Reykjadal voru erlendir. Á Ölkelduhálssvæði sáust göngumenn fjórða hvern athugunardag. Í Þverárdal, við Álftatjörn, og í Fremstadal sáust göngumenn hins vegar einu sinni í viku eða sjaldnar. Alls var dreift líðlega 250 gulum spjöld og 200 grænum spjöldum sumarið 2006 (21. ágúst). Þann 21. ágúst höfðu engar athugasemdir borist í tölvupósti.

Rætt var við sjö Íslendinga á athugunarsvæðinu. Þeir heimsækja svæðið allir oft á ári verði því við komið. Þeir sem rætt var við stunda mest gönguferðir (5), en einnig voru nefnd

náttúruskoðun (1), gönguskíði (1) og böð í heitum lækjum (2). Kostir svæðisins voru helstir taldir vera nátturufegurð (5), nálægð við Reykjavík (2) og næði (4).

Þátttaka í skipulögðum ferðum á ársgrundvelli

Fyrirtækin sem svöruðu fyrirspurnum áætluðu jafnframt þátttöku í ferðum sínum um svæðið. Útivist var með skipulagðar ferðir um Ölkelduhálssvæðið 16. júlí og á Hengil 26. júlí, alls tóku 80 manns þátt í þessum ferðum skv. upplýsingum frá Útivist. Ferðafélag Íslands stendur fyrir 3 – 5 ferðum á ári og hafa það verið vorferð, haustferð, og skíðagönguferðir að vetri. Þátttakan í þessum ferðum skv. upplýsingum frá FÍ er á bilinu 15 – 50 manns og eru langflestir þeirra Íslendingar. Orkuveita Reykjavíkur stóð fyrir tveimur kynningarferðum með göngumenn um Hengil 27. júní og 11. júlí 2006. Þátttakendur voru tæplega 80 manns í fyrri ferðinni og tæplega 70 manns í seinni ferðinni. Hestamenn á vegum Eldhesta sáust nánast daglega, 5-20 manns í hvert skipti, og fór fyrirtækið með liðlega 2500 manns um svæðið árið 2005 (Viðauki 1). Iceland Rovers og Explore Adventures fara hvort um sig með 1000 til 1500 manns árlega um svæðið. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn áætla að þeir fari með 250 til 300 manns um svæðið árlega. Íshestar fara ekki um svæðið nema í sérþöntuðum ferðum og fóru 2 slíkar á síðasta ári með samtals 30 manns. Eldhestum, Iceland Roves, Explore Adventures og Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum ber saman um að ásókn ferðamanna á svæðið fari vaxandi þessi misserin. Hjá Útivist og Ferðafélagi Íslands eru langflestir þátttakendur Íslendingar en hjá hinum fyrirtækjunum eru lang flestir (um og yfir 90%) viðskiptavinir erlendir ferðamenn. Heildarþátttaka í skipulögðum ferðum ársgrundvelli er því milli fimm og sex þúsund manns og virðist fara vaxandi.

Umræður

Viðbrögð ferðaþjónustuaðila eru í heildina fremur neikvæð. Fjögur fyrirtækjanna sem sendu inn svör voru andvíg fyrirhuguðum framkvæmdum á Ölkelduhálssvæði og við Hverahlíð og hin lýstu nokkrum áhyggjum af framgangi Orkuveitu Reykjavíkur á Hengilssvæðinu. Hér kveður við áhyggjufyllri tón heldur en var uppi gagnvart stækkun Hellisheiðarvirkjunar (VGK 2005). Flest fyrirtækin leggja áherslu á óspillta náttúru í ferðum sínum, telja að frekari framkvæmdir Orkuveitunnar breyti ímynd Hengilssvæðisins og að nóg sé komið af mannvirkjum á Hengilssvæðinu. Þau fjögur fyrirtæki sem ekki taka beina afstöðu gegn framkvæmdunum (Útivist, Ferðafélag Íslands, Íshestar og Explore Adventure) hafa annaðhvort talsverð umsvif annars staðar eða hafa umsvif sín á Hengilssvæði í nokkurri fjarlægð frá framkvæmdasvæðunum.

Flestir ferðamenn eru erlendir og virðast einkum koma í skipulögðum ferðum um svæðið. Göngumenn voru sjaldséðir utan Reykjadal, sem verður ekkert raskað með fyrirhuguðum framkvæmdum. Þeir göngumenn sem rætt var við voru almennt fremur jákvæðir í garð Orkuveitu Reykjavíkur og sýndu skilning á framkvæmdunum. Tveir þeirra lýstu um leið yfir vonbrigðum með frekari framkvæmdir á svæðinu. Tveir göngumenn töldu mikilvægt að Orkuveitan “borgaði fyrir sig” með því að bæta aðbúnað og aðgengi fyrir göngumenn. Allir sjömenningarnir lýstu yfir ánægðu með kynningarspjöldin og dreifingu þeirra. Helstu kostir svæðisins voru taldir vera nátturufegurð, nálægð við Reykjavík og hversu fáir eru jafnan þar á ferli.

Ábendingar um mótvægisáðgerðir

Nokkuð ber á áhyggjum af því að mannvirki verði of áberandi í landslagi svæðisins. Þetta kemur ekki á óvart í ljósi þess að gildi landslags er talið með hæsta móti á Ölkelduhálsi (Þóra

Ellen Þórhallsdóttir 2002). Við hönnun og staðsetningu mannvirkja ætti að fella þau í landslag svæðisins eins og unnt er, t.d. mála hús, kæliturna, skiljustöðvar og borholur í litum umhverfisins en bent hefur verið á að felumálun ein sér sé ekki nægileg (Skipulagsstofnun 2006). Einnig ber á áhyggjum af hugsanlegri röskun hverasvæða, sem hægt er að mæta með kynningu á niðurstöðum úr rannsóknum jarðfræðinga Orkuveitu Reykjavíkur á yfirborðsvirkni hvera og náttúrulegum gangi þeirra. Þá leggja nokkrir til að aðgengi verði bætt fyrir ferðamenn, með lagningu vega, fleiri göngustíga og salernisaðstöðu. Í ljósi þess hve margir ferðamenn eru erlendir, 90-95% skv. áætlunum ferðaþjónustuaðilanna, mætti huga að upplýsingaefni á fleiri tungumálum en íslensku, t.d. á umgengnisreglum í Dalseli og Engjaseli.

Heimildaskrá

Orkuveita Reykjavíkur, 2002. Gönguleiðir á Hengilssvæðiðinu, Reykjavík.

VGK, 2005. *Stækkun Helligheiðarvirkjunnar. Mat á umhverfisáhrifum.* Desember 2005. 148 bls.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, 2002. *Gildi landslags á Hengilssvæðinu.* Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 61, Reykjavík.

Viðauki 1. Ferðaþjónustufyrirtæki er tóku þátt í viðhorfskönnun Orkuveitu Reykjavíkur vegna fyrirhugaðra nýrra virkjana.

Fyrirtæki	Svar	Svæði notað í auglýsingum?
Mountaineers of Iceland	Svöruðu ekki	Hengill og borholur
Activity Group	Svöruðu ekki	Nei
Tour.is	Svöruðu ekki	Nei
Guðmundur Jónasson	Svöruðu ekki	Nei
Iceland Excursions	Svöruðu ekki	Nei
KGB Tours	Svöruðu ekki	Nesjavellir
Arctic Fox Travel ehf.	Svöruðu ekki	Nei
Hópferðamiðstöðin	Svöruðu ekki	Nei
Eskimos	Svöruðu ekki*	Nei
Ferðafélagið Útivist	Svöruðu	Hengill og Ölkelduhálssvæði
Eldhestar	Svöruðu	Reykjadalur og Ölkelduhálssvæði
Íshestar	Svöruðu	Nei
Ís Ferðaþjónusta ehf.	Svöruðu	Nesjavellir
Ferðafélag Íslands	Svöruðu	Nei
Iceland Rovers	Svöruðu	Hengill og Ölkelduhálssvæði
Explore Adventures	Svöruðu	Reykjadalur og Ölkelduhálssvæði
Icelandic Mountain Guides	Svöruðu	Hengill og Ölkelduhálssvæði

* Fyrirtækið telur málið sér óskilyt skv. tölvupósti

Viðauki 2. Spjald sem dreift var til göngumanna í nágrenni Ölkelduháls sumarið 2006. Á bakhlið spjaldsins var kort af svæðinu.

Framtíðarvirkjanir Orkuveitu Reykjavíkur í Hverahlíð og á Ölkelduhálsi

Orkuveita Reykjavíkur og Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf (VGK) vinna nú að mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra virkjanaf framkvæmda á tveimur stöðum á Hengils svæðinu, þ.e. í Hverahlíð og á Ölkelduhálsi (sjá kort á bakhlið). Eitt markmið matsins er að kanna umferð útivistarfólks á svæðinu og kynnast viðhorfum þeirra gagnvart svæðinu og fyrirhuguðum framkvæmdum.

Um er að ræða gufuafsvirkjanir, líkt og Nesjavella- og Hellsheiðarvirkjanir. Mannvirki munu veita stöðvarhús, skiljustöðvar, kælitumar, vegir, borholur og lagnir. Reynt verður eftir fremsta megni að staðsetja og hanna mannvirki svo þau falli vel að landslagi svæðisins.

Gestum á Hengils svæðinu er boðið að senda okkur tölvupóst á gongumenn@or.is til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir, frágang þeirra og uppbyggingu á svæðinu í heild sinni.

Til hæðarauka eru gestir beðnir um að hafa eftirfarandi í huga þegar þeir senda okkur tölvupóst:

Aðgengi
Borholur
Dýralíf
Frágangur
Framkvæmdir
Gildi
Gönguleiðir
Hestar
Hverir
Jeppar
Landslag
Laugar
Mannvirki

Næði
Nýting
Pípur
Rask
Skíði
Snjósleðar
Umgengni
Vernd
Virkjanir:

Athugið enn fremur að nánari upplýsingar má nálgast á www.or.is og www.vgk.is. Þá er nýbkið vinnu við mat á umhverfisáhrifum vegna Hellsheiðarvirkjunar: <http://www.or.is/Forsida/Frodalukur/> Skýrslunum umhverfismat.

Á www.or.is er einnig hægt að kynnast því hvernig raforka er framleidd með gufuafli.



EE93-140-02

Viðauki 3. Spjald sem dreift var til ferðamanna á Nesjavöllum sumarið 2006. Á bakhlið
spjaldsins var kort af svæðinu.

Framtíðarvirkjanir Orkuveitu Reykjavíkur í Hverahlíð og á Ölkelduhálsi

Orkuveita Reykjavíkur og Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf (VGK) vinna nú að mati á umhverfisáhrfum vegna fyrirhugaðra virkjanfrankvæmda á tveimur stöðum á Hengils svæðinu, þ.e. í Hverahlíð og á Ölkelduhálsi (sjá kort á bakhlið). Eitt markmið matsins er að kanna umferð útvistarfólks á svæðinu og kynnast viðhorfum þeirra gagnvart svæðinu og fyrirhuguðum frankvæmdum.

Um er að ræða gufuafsvirkjanir, líkt og Nesjavalla- og Hellisheiðarvirkjanir. Mannvirki munu verða stöðvarhús, skiljustöðvar, kælitúmar, vegir, borholur og lagdir. Reynt verður eftir fremsta megni að staðsetja og hanna mannvirki svo þau falli vel að landslagi svæðisins.

Gestum á Hengils svæðinu er boðið að senda okkur tölvupóst á ferdamenn@oris til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum varðandi fyrirhugaðar frankvæmdir, frágang þeirra og uppbyggingu á svæðinu í heild sinni.


Til hægðarauka eru gestir beðnir um að hafa eftirfarandi í huga þegar þeir senda okkur tölvupóst:

- Aðgengi**
- Borholur**
- Dýralíf**
- Frágangur**
- Frankvæmdir**
- Gildi**
- Gönguleiðir**
- Hestar**
- Hverir**
- Jeppar**
- Landslag**
- Laugar**
- Mannvirki**

- Næði**
- Nýting**
- Pípur**
- Rask**
- Skíði**
- Snjósleðar**
- Umgengni**
- Vernd**
- Virkjanir:**

Athugið enn fremur að nánari upplýsingar má nálgast á www.or.is og www.vgk.is. Þá er nýbkið vinnu við mat á umhverfisáhrfum vegna Hellisheiðarvirkjuna: <http://www.or.is/> Forsíða/Froðleikur/ Skýrslurumhverfismat.

Á www.or.is er einnig hægt að kynnast því hvernig raforka er framleidd með gufuafli.



**Orkuveita
Reykjavíkur**

BBG-140-01

Viðauki 4: Svör ferðafjónustuaðila við spurningalista OR vegna fyrirhugaðra nýrra virkjana við Ölkelduháls og Hverahlíð.

Greinargerð Eldhesta (sjá næstu síðu):

Fóra:	74.01
ID:	
	14. JÚNÍ 2006
Afgr.m.:	JEJ



ELDHESTAR ehf
 Völlum, Ölfusi, Box 90 - 810 Hveragerði
 t. 354 480 4800 fax 354 480 4801
 Netfang: info@eldhestar.is
 Veffang: www.eldhestar.is

31. maí 2006

Orkuveita Reykjavíkur
 Grjóthálsi 10,
 110 Reykjavík

Eir Elín Jónsson

Efni: Fyrirhugaðar nýjar virkjanir á Ölkelduhálsi og í Hverahlíð.

Fyrirtækið Eldhestar hefur verið beðið um umsögn vegna fyrirhugaðra virkjana OR á Ölkelduhálsi og í Hverahlíð. Í upphafi viljum við undirritaðir – stofnendur og stjórnarmeðlimir fyrirtækisins – að eftirfarandi komi fram.

Kveikjan að stofnun Eldhesta ehf var löngun stofnenda fyrirtækisins til að bjóða bæði erlendum og innlendum ferðamönnum upp á skipulagðar hestaferðir um hina fjölbreytilegu og fallegu náttúru á Hengilsvæðinu. Markmiðið var að bjóða upp á vandaðar ferðir þar sem kappkostað yrði að hafa góð hross, greinargóða og lifandi leiðsögn og fínan útbúnað bæði fyrir ferðamenn og hross. Framtíðarstaðsetning fyrirtækisins í nágrenni Hveragerðis og nálægð þess við eitt af aðalmarkaðssvæðum landsins í Reykjavík ásamt þeim óþrjótandi möguleikum sem hinar sérstöku náttúruperlur (eins og Reykjadalur, Marardalur, Ölkelduháls, Kattatjarnir o.fl) buðu upp á staðfestu trú frumkvöðla fyrirtækisins á að rekstur ferðaþjónustufyrirtækis ætti sér bjarta framtíð. Nafn fyrirtækisins, Eldhestar, er einmitt dregið af eldfjallasvæði Hengils og er Eldhestar stytting á nafninu Eldfjallahestar.

Það er ljóst að sveitarfélagið Ölfus hefur ákveðna sérstöðu samanborið við mörg önnur sveitarfélög. Þar er að finna þverskurð íslensks samfélags. Landrymi er mikið og náttúruauðlindir margar – mikið af heitu og köldu vatni, malarnámur og fleira – og margar náttúruperlur er einnig að finna í sveitarfélaginu. Atvinnulífið spannar sjávarútveg, landbúnað og ýmiss konar iðnað. Í landbúnaði eru greinar á borð og ræktun og tamningar íslenska hestsins vaxandi og ferðaþjónustan hefur einnig skotið djúpum rótum í sveitarfélaginu.

Innan ferðaþjónustunnar hafa til dæmis mörg ný hótél risið á svæðinu á síðustu árum. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki, bæði innlend og erlend, nýta sér þjónustu fyrirtækja á svæðinu. Hluti af aðdráttarafli þessara fyrirtækja á svæðinu er nálægð þess við náttúruperlur Hengilsvæðisins. Mörg fyrirtæki bjóða upp á skipulagðar ferðir um svæðið.

Það er skoðun okkar að velferð manna ráðist ekki eingöngu af efnislegum gæðum. Öflugt mannlíf, fallegt umhverfi og *virkt þátttaka* gefur lífinu aukið gildi. Það er verkefni okkar kynslóðar að skila samfélaginu og náttúru þessa lands áfram til næstu kynslóða. Ísland er eitt fárra landa þar sem einþá eru hlutfallslega stór landssvæði ósnortin af manna völdum. Þessum svæðum hefur aftur á móti fækkað mjög á síðustu árum.



Í Ölfusi, sem er í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið, er hins vegar að finna margar náttúruperlur. Þetta svæði gæti orðið (og er raunar að hluta þegar orðið) eitt helsta útivistarsvæði þess vaxandi íbúafjölda sem sest að á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni ef rétt er á málum haldið.

Umhverfismál eru langtímaverkefni. Þau snúast um það hvað viljum við sjá og upplifa af íslenskrí náttúru í framtíðinni. **Það er skoðun okkar að ekki eigi að samþykkja stærri framkvæmdir nema að þær séu gerðar í sátt við umhverfið og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu.** Í athugasemdum sem við sendum inn vegna Helligsveiðarvirkjunar töldum við gufuaflsvirkjun á Helligsveiði vera með betri kostum út frá umhverfissjónarmiðum. Eftir að hafa upplifað þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í á svæðinu er hins vegar ljóst að umhverfisgildi svæðisins hefur rýrnað verulega.

Það er alveg ljóst í okkar huga að öll svæði sem eru á náttúruminjaskrá eiga að vera friðlýst. Hengilsveiðið fyrir norðan Skarðsmýrarfjall er á náttúruminjaskrá. Ölkelduháls er innan þess svæðis. Ölkelduháls er á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins landslags og jarðfræðilegrar gerðar þess. Svæðið er auk þess mjög lítskrúðugt og landslag þar er fjölbreytt. Útivistargildi þess er mikið og fegurð þess óumdeilanleg eins og segir í skýrslu frá Líflæðistofnun Háskóla Íslands.

Það er alveg ljóst að frekari framkvæmdir á Helligsveiði og sér í lagi á Hengilsveiðinu mun skaða starfsemi Eldhesta verulega og einnig annarra ferðapjónustufyrirtækja sem bjóða upp á ferðir um Hengilsveiðið. **Við erum því alfarið á móti frekari framkvæmdum á þessum svæðum – bæði í Hverahlíð og sér í lagi á Ölkelduhálsi.** Við fögnum mjög þeirri ákvörðun Skipulagsstofnunar að krefjast þess að fyrirhugaðar tilraunaborholur á Ölkelduhálsi verði að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Matið á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra tilraunaborhola á að byggjast á fyrirhugaðri virkjun. Það á ekki að samþykkja neinar framkvæmdir á svæðinu án þess að matið byggist á fullgerðri virkjun. Sú aðferð OR að gera svæðin manngerðari með tilraunaborholum og virkja síðan í kjölfarið á ekki að líðast. Verndargildi svæðisins ber að virða í hvivetna.

Til að minna enn frekar á mikilvægi Hengilsveiðisins fyrir Eldhesta þá eru eftirtaldar ferðir í boði á svæðinu: Ein vinsælasta ferð fyrirtækisins í dag er einmitt dagsferð að Ölkelduhálsi og í Reykjadal (Ferð 5a, Hot Springs Tour). Þessi ferð hefur áunnið sér ákveðinn sess sem ein af betri dagsferðum sem boðið er upp á í nágrenni Reykjavíkur. Einnig er boðið upp á dagsferð í Grensdal (Ferð 5b, A Taste of Landmannalaugar).

Auk þessarar ferðar bjóða Eldhestar upp á 3ja daga ferðir í kringum Hengilinn (Tour 9: Around the Volcano), 5 daga ferðir á Þingvöllum og í kringum Þingvallavatn (Tour 12: Thingvellir and Around the Lake Thingvallavatn) þar sem einnig er farið um Hengilsveiðið og 7 daga ferð um Hengilsveiðið og áfram austur í Landsveit (Tour 13: The Golden Highlights of the South).

Fjöldi ferðamanna í þessum ferðum var um 2500 manns árið 2005 og mun vaxa á komandi árum ef svo heldur fram sem horfir.


Innlendum og erlendum gestum sem koma á Hengilsveiðið – við Ölkelduháls og Hengladali – fjölgar ár frá ári. Frekari framkvæmdir á svæðinu munu stórskada svæðið til frambúðar.


LOKAORÐ


Það er ósk og trú forráðamanna Eldhesta að Hengilsvæðið fái að vera óáreitt til frambúðar. Við sem höfum farið um þetta svæði nær daglega á síðastliðnum 20 árum skynjum vel þær hughrifsþrengingar sem framkvæmdir síðustu ára hafa haft á þátttakendur í ferðum fyrirtækisins.

Ósnortin náttúra er einnig auðlind!

F. h. Eldhesta ehf.


Hróðmar Bjarnáson


Sigrún Bjarnáson


Þorsteinn Hjartarson

Afrit send: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofu, Náttúrustofnun Íslands, Ferðamálastofu.

Svör Iceland Rovers:

- 1) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Ölkelduhálsi hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Mjög mikil. Við höfum orðið var við erfiðleika í dagferðum okkar um þetta svæði á breyttum jeppum þar sem keyrður er slóðin upp á Ölkelduháls þar sem ætlun er að skoða hvergi. Þar hefur okkur verið meinaður aðgangur með lokuðu hliði sem og hafa starfsmenn Orkuveitunnar hindrað okkur þegar að við erum að reyna að sýna borholur og útskýra orkumálin þarna. Ef ætlunin er að bora ofan í þau ægiföggu hverasvæði sem finnast á hálsinum þá er vonlaust að bjóða upp á ferðir þangað hvort sem er í göngu eða í jeppa.

- 2) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Hverahlíð hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Við munum þurfa að fella niður og hætta við dagsferðir á þetta svæði og leita annað. Mikið rask og ónæði fylgir virkjuninni og vinnuvélar sem og tæki og tól taka burt meiningu ferðarinnar sem er jú að sýna hvergi í friðsamri náttúru. Hellisheiðin hefur ætíð verið góð lausn þar sem hún er í návígi við Rvk og er með hvergi sem er mjög mikilvægur þáttur í skoðunarferðum á Íslandi. Við munum þurfa að leita að öðrum kostum sem munu fela í sér markaðsetningu upp á nýtt sem kostar peninga og fyrirhöfn og einnig ber að hafa í huga að svæði eins og Hellisheiði liggur ekki á lausu í nágrenni Rvk....sérstaklega þar sem Krísvíkinn og það svæði er á teikniborðinu sem enn einn virkjanakosturinn

- 3) Teljið þið að önnur virkjunin eða báðar breyti gildi Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði?

Já og þá sérstaklega sú sem tengist Ölkelduhálsi. Þetta svæði er gríðalega fallegt og mikið heimsótt af gangandi, akandi og ríðandi ferðamönnum.

- 4) Hvaða afstöðu takið þið til fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, með tilliti til ykkar atvinnurekstrar og viðskiptavina?

Ef hægt hefði verið að hafa þessar virkjanaframkvæmdir á einu ákveðnu svæði og hvergi óspillta og friðsamlega á öðru hefði verið hægt að sýna á skemmtilegan máta báða kostina. Þetta er bara hreinlega orðin of viðamikil virkjun

- 5) Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri við Orkuveitu Reykjavíkur?

Vinsamlega berið virðingu fyrir ferðaþjónustunni og vinnið skynsamlega að virkjunum með tilliti til ferðaþjónustu og náttúru okkar. Hellisheiðarvirkjun er unnin án okkar hugmynda, ráða né samstarfs. Auðveldlega hefði verið hægt að vinna að þessu á annan máta og í sátt. Áður hefur slíkur póstur sem þessi verið borin undir okkur og engar niðurstöður né áhugi né svör komið í staðinn þó samviskusamlega hafi honum verið svarað.

Svör Íslenskra Fjallaleiðsögumanna (Icelandic Mountainguides):

- 1) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Ölkelduhálsi hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Hún hefur slæm áhrif. Við erum með reglulegar ferðir frá Nesjavöllum yfir í Hveragerði og teljum að fólk sjái nóg af mannvirkjum í upphafi þeirrar ferðar. Ef stöðvarhús fer niður í Þverárdal eða minni Kýrgils er sú ferð með öllu eyðilögð og margra ára markaðsstarf unnið fyrir gíg. Ef til vill verða áhrifin aðeins minni ef stöðvarhús er reyst sunnan við Ölkelduháls en í öllu falli mun hún hafa slæm á upplifun ferðamanna á þessu svæði, ekki síst á byggingartímanum.

- 2) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Hverahlíð hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Hún hefur ekki bein áhrif á okkar starfssemi en verður ekki til þrýði í landslaginu og vinnur því á móti jákvæðri upplifun ferðamanna ef hún sést frá þjóðvegi 1.

- 3) Teljið þið að önnur virkjunin eða báðar breyti gildi Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði?

Almennt séð þá eru mannvirki af því tagi sem hér um ræðir, mjög neikvæð fyrir útivist á áhrifasvæði þeirra. Þannig að gildi Hengilssvæðisins mun versna töluvert við tilkomu þessara virkjana.

- 4) Hvaða afstöðu takið þið til fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, með tilliti til ykkar atvinnurekstrar og viðskiptavina?

Okkur finnst einfaldlega að ekki ætti að virkja á Ölkelduhálsi þar sem það setur ákveðna vöru (ferð) sem við seljum, í uppnám. Að auki hafa fyrirtæki eins og okkar fundið mjög mikið fyrir ruðningsáhrifum virkjanastórframkvæmda síðustu ára og því finnst okkur ekki með nokkru móti réttlæt看legt að halda áfram að nýta virkjana kosti borgarbúa fyrir stóriðju.

- 5) Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri við Orkuveitu Reykjavíkur?

Við gerðum athugasemdir við matskýrslu um Skarðsmýrarfjallsvirkjun þar sem við töldum að OR hefði rangtúlkað niðurstöður úr sambærilegri könnun sem þessari. OR sagði þar viðhorf ferðaþjónustuaðila jákvæðari en við gátum með nokkru móti lesið út úr sömu gögnum. Skorur við því á OR að vera heiðarlegri í úrvinnslu gagna í þetta sinn og vinna málefnalega þannig að það sé til einhvers fyrir aðila eins og okkur að taka þátt í ferlinu.

Svör Útivistar:

- 1) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Ölkelduhálsi hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu, ef einhver ?

Svar: Við förum af og til um þetta svæði, gangandi eða á gönguskíðum en áhugi á hengilssvæðinu sem útivistarsvæði hefur minnkað verulega með tilkomu virkjanatengdum mannvirkjum. Áhugi á gönguferðum í nágrenni við Ölkelduháls mun minnka með tilkomu mannvirkja á svæðinu en það mun ekki hafa mikil áhrif á heildar starfsemi Útivistar.

- 2) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Hverahlíð hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu, ef einhver ?

Sama svar og við sp. 1.

- 3) Teljið þið að önnur virkjunin eða báðar breyti gildi Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði?

Svar: Mannvirki á Hellisheiði breyta gildi þess sem útivistarsvæði. Það er öðru vísi útivistar upplifun að vera í nágrenni mannvirkja en vera á óbyggðum svæðum. Með tilkomu þessara virkjana beggja breytist og rýrnar gildi svæðisins sem útivistarsvæði. Það á reyndar einnig við um önnur mannvirki sem þegar eru risin á Hengilssvæðinu.

- 4) Hvaða afstöðu takið þið til fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, með tilliti til ykkar atvinnurekstrar og viðskiptavina?

Svar: Við höfum skilning á að orkuöflun er nauðsynleg og með tilliti til okkar starfsemi getum við lagt meiri áherslu á útivist á öðrum svæðum. Smátt og smátt er þó þrengt að útivistarsvæðum sem eru mikil verðmæti líka. Afstaða okkar er því sú að við leggjumst ekki gegn þessum framkvæmdum vegna starfsemi Útivistar en áréttum að framkvæmdaaðilar hafi alltaf í huga að óröskuð náttúra er mikils virði og það eru hagsmunir viðskiptavina okkar að njóta hennar þannig.

- 5) Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri við Orkuveitu Reykjavíkur?

Svar: Starfsemi ykkar til orkuöflunar á Hengilssvæðinu og í Grafningi hefur þrátt fyrir allt haft nokkuð jákvæða ímynd að mörgu leiti. Hugsid vel um að skemma ekki þá ímynd með of milkum virkjunarframkvæmdum til stóriðju og byggingaframkvæmdum óskildri orkuöflun til almenningsnota. Mikil röskun á náttúru svæðisins til þeirra nota mun skaða ímynd ykkar. Skipulagning svæðisins með þarfir útivistarfólks og aðgengi allra að svæðinu hefur tekist nokkuð vel og skapað ykkur þessa jákvæðu ímynd ásamt öflunar á heitu vatni til húsa hitunar. Stefnumbreyting í því efni eins og kemur fram með skipulagningu á þéttri sumarhúsabyggð við Úlflljótuvatn og virkjunum fyrir stóriðju skaðar þessa góðu ímynd ykkar og gefur slæmt fordæmi til framtíðar. Óspillt náttúra og aðgengi fyrir alla að henni fer saman við hagsmuni útivistarfólks.

Svör Ferðafélags Íslands:

- 1) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Ölkelduhálsi hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Fyrirhuguð virkjun mun leiða til þess að skipulögðum ferðum félagsins um svæðið mun nú tímabundið fækka og hugsanlega leggjast af og eða gönguleiðir munu breytast og tilgangur þeirra.

- 2) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Hverahlíð hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Sama svar.

- 3) Teljið þið að önnur virkjunin eða báðar breyti gildi Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði?

Já báðar munu breyta svæðinu á margan hátt, bæði á jákvæðan og neikvæðan og meðal annars fæla frá þá ferðamenn sem leita að kyrrð og eru að skoða náttúruna en skapa ýmsa aðra möguleika í staðinn til að mynda fræðsluferðir um jarðvarma og nýtingu hans.

- 4) Hvaða afstöðu takið þið til fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, með tilliti til ykkar atvinnurekstrar og viðskiptavina?

Ferðafélag Íslands hefur ekki tekið afstöðu til einstakra virkjanaframkvæmda og hefur ekki séð ástæðu til að bóka sérstaklega um fyrirhugaðar framkvæmdir á Hellsheiði.

- 5) Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri við Orkuveitu Reykjavíkur?

(ekkert svar)

Svör Íshesta:

- 1) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Ölkelduhálsi hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Engin

- 2) Hvaða áhrif teljið þið að fyrirhuguð virkjun á Hverahlíð hafi á á starfsemi ykkar á svæðinu?

Engin

- 3) Teljið þið að önnur virkjunin eða báðar breyti gildi Hengilssvæðisins sem útivistarsvæði?

Já eflaust gera þær það og ekki síst línurnar. Það er því mikilvægt að ganga vel frá, lágmarka áhrifin og helst að “greiða” fyrir það með því að laga e-ð eða t.d. leggja göngustíga, salerni ofrv. þannig að fólki finnist það hafa fengið e-ð í staðinn !!!

- 4) Hvaða afstöðu takið þið til fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, með tilliti til ykkar atvinnurekstrar og viðskiptavina?

Þá sömu og alltaf, þ.e. við viljum auðvitað hafa landið ósnert bara fyrir okkur en skiljum nauðsyn þess að fleira þarf að gera en gott þykir

- 5) Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri við Orkuveitu Reykjavíkur?

Nei

Svör Explore Adventures:

Eftir því sem mér skilst á gögnum hjá OR, þá verður þessi virkjun ekki tengd Reykjadal. Er það rétt skilið hjá mér?
Við erum með mikið af ferðum þangað upp eftir (um 1000 manns á ári hið minnsta og í mikilli aukningu). Ef framkvæmdir þessar hafa einhver áhrif á flæði og virkni þess háhitasvæðis mun það hafa stóran og mikinn skaða í för með sér, ef ekki þá sé ég ekki að þessi virkjun komi til með að skaða okkur.

Svör Ís Ferðaþjónustu ehf.:

Ég þakka fyrir að fá að koma með ábendingar í tengslum varðandi virkjunarframkæmdir við Hengil

Ég hef ferðast mikið um þetta svæðið. Allt frá því að vera unglingur með skátunum, notfært mér skátaskálanna mikið, og átt þátt í því að byggja um svæðið til útivistar með vélsleðaferðum og jeppaferðum um þetta svæðið svo og leigjandi Nesbúðar á Nesjavöllum í um átta ár.

Jeppa umferð. Jeppaslóðar.

Jeppa umferð hefur verið um svæðið sumar sem vetur. Sumar umferð jeppamann hefur verið inn í Hengilsdali og inn að Ölkelduhálsi.

Þá hefur verið vinsælt að aka hring um svæðið. T.D. þannig að fara austan við sæluhús Landsbjargar Ölkelduháls veg, fylgja síðan ánni og inn á veginn sem liggur að Hengilsdölum og aka síðan hann og koma inn á veg 1 austan við Skíðaskálan við Hveradali.

Að hafa möguleika á jeppa slóðum á þessu svæði er mjög mikilvægt til að opna aðgengi að gönguleiðum, þá líka gagnvart öllu öryggi á svæðinu og ekki síst fyrir þá sem eru ekki göngu hæfir, fatlaðið, gamalmenni og slíkir hópar.

Þá ætti að auka þennan möguleika með því að afmarka jeppaslóða með tenginu frá Ölkelduhálsi in á línuveg sem liggur að bænum Krók.

Þá ætti að auka þennan möguleika með því að afmarka jeppaslóða vel út fyrir Húsmúla og beint inn á Pípuleiðina.

Með þessu ætti að vera hægt aðkoma í veg fyrir allan annan útanvega akstur til frambúðar á þessu svæði. Einnig hefur vinsæli fjórhjóra aukist mikið ekki síst við að þjóna erlendum ferðamönnum, en fjórhjól gætu einmitt notað þessa slóða líka. Slíkt skipulag byggir líka á hringakstri sem er eitt að lykilatriðum í ferðaþjónustu.

Vetrar akstur á snjó hefur líka farið að mestu frá á þessum leiðum.

Vélsleða leiðir og reiðleiðir.

Mikið hefur verið um vélsleðaleiðir á þessu svæði. Það ætti að leggja inn í þetta net af vélsleða leiðum sem ætti að aka eftir en sömuleiðir ættu að notast sem reiðleiðir á sumrin. Þessa leiðir eru ekki margar og eru mjög svipaðar og jeppaleiðirna.

Gönguleiðir eru nú þegar afmarkaðar. En mætti fjölga aðeins. Gönguleiðir ættu að vera gönguskíðaleiðir á veturna. En þó vantar eina meigin leið sem tengingu frá Ölkelduhálsi um Kýrgil norður að Grafnings vegi. Hugsanlega ætti á þeirri leið að vera möguleiki á vélsleða leið, fjórhjólaleið eða jeppaslóða.

Ef þetta yrði framkæmt er ég viss um að mikil friður myndi skapast um þetta svæði sem er það hálendi sem liggur hvað næst Reykjavík. Og er gríðalega mikilvægt til að nota í stuttar hálendisferðið. Ekkert annað svæði svona nálægt Reykjavík er eins heppilegt. Þetta myndi líka veita Reykjanesfólksvangi meiri frið svo og Bláfjöllum. En þau svæði eru mun stærri og erfiðara er að skipuleggja þau. Meða Hengilssvæðið er það þannig að það skipuleggur sig sjálft vegna landslags.